



## Reglur um útleigu smáhýsa við Ægisgarð vegna hafsaekinnar ferðaþjónustu í Gömlu höfninni

1. Faxaflóahafnir sf. eiga og leigja út smáhýsi til fyrirtækja vegna sölu ferða um borð í báta sem notaðir eru til farþegaflutninga í Gömlu höfninni. Smáhýsin eru tvenns konar:
  - a. Eitt hús, grunnflötur 40 m<sup>2</sup>
  - b. Tvö samtengd hús, grunnflötur 80 m<sup>2</sup>
2. Faxaflóahafnir sf. leigja smáhýsin út með eftirfarandi skilyrðum:
  - a. Leigutaki skal vera eigandi báts eða báta sem notaðir eru í hafsaekna ferðaþjónustu, sem skila farþega gjöldum til Faxaflóahafna sf. Í gildi skal vera sérstakur viðlegusamningur útgerðarinnar við Faxaflóahafnir sf.
  - b. Leigutaki skal halda úti reglubundinni starfsemi stærstan hluta ársins.
  - c. Leigutaki skilar farþegatölum mánaðarlega til Faxaflóahafna sf. í samræmi við gjaldskrá Faxaflóahafna sf.
  - d. Leigutaka er einungis heimilt að nýta smáhýsin til sölu miða um borð í báta, geymslu búnaðar vegna farþega svo sem björgunarvesti og flotgalla. Hvers kyns greiðasala eða afnot óskyld útgerð hafsaekinnar ferðaþjónustu er óheimil.
  - e. Leigutaki skal fara eftir fyrirmælum Faxaflóahafna sf. varðandi umferð fólksflutningabifreiða um Ægisgarð.
  - f. Leigutaka er kunnugt um að Faxaflóahafnir sf. vinna samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnarkerfi og skuldbindur sig til að uppfylla bestu kröfur um umgengni og umhverfissjónarmið í rekstri sínum bæði á sjó og á landi.
  - g. Leigutaki skal standa í skilum með leigu smáhýsis eða smáhýsa, viðlegugjöld og þjónustgjöld samkvæmt gjaldskrá Faxaflóahafna sf.
  - h. Framleiga smáhýsis til þriðja aðila, lán eða afnotaréttur er óheimil.
3. Forsendur útleigu smáhýsa eru eftirfarandi:
  - a. Fyrirtæki með einn til þrjú báta í rekstri getur átt kost á leigu eins smáhýsis skv. a lið 1. tl.
  - b. Fyrirtæki með fleiri en þrjú báta getur átt kost á leigu allt að tveggja smáhýsa skv. b lið 1. tl.
  - c. Sæki fyrirtæki sem er að stórum hluta eða öllu leyti í eigu sömu aðila um nýja aðstöðu eða aukið rými geta Faxaflóahafnir sf. hafnað slíkri beiðni. Enn fremur hafa Faxaflóahafnir sf. heimild til að endurskoða gildandi samninga ef fyrirtæki á svæðinu, tvö eða fleiri, sameinast.
  - d. Meðfylgjandi afstöðumynd sýnir það svæði sem smáhýsin standa á og fjölda þeirra húsa sem falla undir reglur þessar. Útleiga hýsanna takmarkast af möguleika á fjölda húsa og þeim leigusamningum sem gerðir verða.
  - e. Auglýsingar eða merkingar sem leigutaki vill setja á smáhýsin skulu háðar samþykki Faxaflóahafna sf.
  - f. Fyrirtæki sem fær smáhýsi til leigu skal undirrita sérstakan leigusamning þar sem kveðið er á um leigugjald og aðra skilmála.
4. Reglur þessar eru samþykktar af stjórn Faxaflóahafna sf. þann 19. október 2018 og gilda þar til annað er ákveðið. Víki leigutaki frá ákvæðum reglnanna skal hann fá hæfilegan frest til að bæta úr því sem áfátt er. Verði frávik ítrekuð eða ekki er bætt úr ágöllum skal leigutaka sagt upp afnotum smáhýsis með þeim fyrirvara sem kveðið er á um í leigusamningi.

Reykjavík 19. október 2018

Gísli Gíslason, hafnarstjóri